



232. fundur Skólanefndar FS ***9. mars 1999***

Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ragnheiður Gunnarsdóttir og Jóhann Friðrik Friðriksson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Bréf frá lögreglufirvöldum vegna dansleikjahalds dagsett 4. febrúar s.l.
Samráðsfundur með lögreglu 17. febrúar s.l.
 2. Áhrif gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla í haust.
 3. Önnur mál.

1. Bréf frá lögreglufirvöldum vegna dansleikjahalds dagsett 4. febrúar s.l.
Samráðsfundur með lögreglu 17. febrúar s.l.

Rætt um bréf frá Lögreglunni í Keflavík þar sem gerðar voru athugasemdir við dansleikjahald á vegum nemendafélagsins. Á samráðsfundi með lögreglu var rætt um leiðir til úrbóta. Unnið var samkvæmt þeim vinnureglum á árshátíð sem þótti takast vel að mati þeirra sem að komu.

2. Áhrif gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla í haust.

Farið yfir drög að nýrri aðalnámskrá og rætt um þau áhrif sem gildistaka hennar mun hafa á starfsemi skólans. Unnið er að frekari útfærslu innan skólans.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá starfsemi netagerðarbrautar. Húsnæði brautarinnar verður vígt 29. mars.
- b) Skólameistari sagði frá könnun á liðan, starfsanda og samskiptum nemenda og starfsfólks.

- c) Formaður sagði frá stöðu mála varðandi undirbúning nýbyggingar.
- d) Formaður nemendafélagsins minnti á frumsýningu á vegum leikfélags skólans, Vox Arena.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

A handwritten signature in black ink, reading "Guðmann Kristþórsson", written over a horizontal line.

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Suðurnes Comprehensive and Community College

Keflavík 3. mars 1999

Ágæti skólanefndarmaður!

Efni: Fundarboð

Boðað er til fundar í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja,
priðjudaginn 9. mars. n.k. kl. 17:00 í stofu 212.

Dagskrá:

1. Áhrif gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla í haust.
2. Bréf frá lögregluyfirvöldum vegna dansleikjahalds dagsett 4. febrúar s.l.
Samráðsfundur með lögreglu 17. febrúar s.l.
3. Önnur mál.

Virðingarfyllst
Kristbjörn Albertsson
formaður.

Hjálagt:

*Aðalnámskrá framhaldsskóla
Bréf frá Lögreglunni í Keflavík.*



LÖGREGLAN Í KEFLAVÍK

Hringbraut 130, 230 Keflavík, sími: 421-5500, bréfsími: 421-1166.

Keflavík, 4. febrúar 1999.

Til: skólameistara, skólanefndar og nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Varðar: skóladansleiki Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Nemendafélag Fjölbrautaskólans hefur í gegnum árin staðið fyrir dansleikjum sem ætlaðir eru fyrir nemendur skólans. Þar sem þarna hefur verið um skólaskemmtanir að ræða hefur nemendafélagið ekki þurft að greiða fyrir skemmtanaleyfi, en því hefur verið gert að sækja um leyfi til yfirlögregluþjóns fyrir þessum dansleikjum.

Síðustu 2 árin hefur hegðun nemenda og þeirra gesta versnað til muna. Í samráði við skólameistara voru settar sérstakar reglur um framkvæmd dansleikjanna. Reglur þessar eru mjög samhljóða reglum sem löggæslan á höfðuðborgarsvæðinu hefur sett um sambærilegar skemmtanir.

Reglurnar líta svona út:

1. Í upphafi annar ræði nemendafélagið og fulltrúi skóla við yfirlögregluþjón um skipulag skemmtana á önninni.
2. Skemmtun er haldin á ábyrgð og undir umsjón skólastjóra og aðeins ætluð fyrir nemendur og kennara þess tiltekna skóla. Heimilt er þó að þessir aðilar hafi með sér einn gest. Umsóknin skal vera skrifleg með undirrituðu samþykki skólameistara og skal berast til yfirlögregluþjónsins í Keflavík a.m.k. viku fyrir ætlaða skemmtun.
3. Skemmtunin verði aðeins auglýst í skólanum og skal koma fram í auglýsingunni að þarna sé um áfengislausa skemmtun að ræða og að fólki sem er undir áhrifum áfengis verði meinaður aðgangur.
4. Aðgöngumiðar verði eingöngu seldir í forsölu og aðeins í skólanum. Fjöldi miða skal ekki fara fram yfir leyfilegan gestafjölda á viðkomandi skemmtistað.
5. Haldið verði uppi fullnægjandi gæslu á skemmtuninni. Ef vart verður ölvunar á gestum getur það varðað tafarlausrí lokun skemmtistaðarins.
6. Verði ástand á skemmtun á vegum viðkomandi skóla óásættanlegt að mati eftirlitsmanna kann það að hafa áhrif á síðari leyfi skólans.

Er skemmt frá því að segja að nemendafélagið hefur þverbrotið þessar reglur þrátt fyrir að lögreglan hafi ítrekað rætt við stjórn nemendafélagsins um mikilvægi þess að eftir þeim sé farið. Á þetta sérstaklega við um liði nr. 2, 4, 5 og 6.

Það er samdóma álit lögreglumanna og dyravarða að þetta séu alverstu skemmtanir sem haldnar séu í umdæminu. Reynt hefur verið að bregðast við með þeim hætti að vera með stórauðna löggæslu á vakt þegar þessir dansleikir eru haldnir og hefur lögreglan þurft að hafa tíð afskipti af ölvuðum og uppivöðslusömum ungmennum, sem iðulega eru undir lögaldri, bæði inni á ballinu og fyrir utan. Þegar lögreglan og dyraverðir hafa þurft að handtaka og fjarlægja ólátaseggi, veitist gjarnan hópar ungmenna að þeim með spörkum og pústrum til þess að reyna að hindra störf þeirra. Þá fylgir þessu aukinn vinna, svo sem vegna framhaldsrannsóknna mála og móttöku á kærnum. Þetta er engan veginn ásettanlegt að okkar mati.

Með vísan til liðs nr. 6 í áðurnefndum reglum verða ekki gefin út fleiri skemmtanaleyfi til Nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja á þessari önn. Ef hins vegar yfirstjórn skólans sækir um slíkt leyfi þá mun sú beiðni verða skoðuð og veitt með því skilyrði að farið sé í einu og öllu eftir áðurnefndum reglum. Þá er mjög mikilvægt að innan skólans sé tekið af festu á aga og hegðunarbrotum á þessum skemmtunum.

Þórir Maronsson,
yfirlögregluþjónn

Aðalnámskrá framhaldsskóla

Efnisyfirlit

Formáli

1. Grundvöllur og hlutverk aðalnámskrár

Menntun er ein meginstoð lýðræðis, almennrar velferðar og menningar. Hver maður á rétt til menntunar eins og staðfest er í Stjórnarskrá Íslenska lýðveldisins og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar eru aðilar að. Til samræmis við þetta er í lögum um framhaldsskóla kveðið á um að allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun skuli eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Aðalnámskrá er meginviðmiðun skólastarfs á framhaldsskólastigi og er hún gefin út af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir. Í aðalnámskrá er að finna nánari útfærslu á þeirri mennta- og skólastefnu sem birtist í lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla og túlkun á einstökum ákvæðum þeirra. Í námskránni er lýst námsframboði og umgjörð skólastarfs á framhaldsskólastigi og þeim starfsramma sem skólastarfi er settur með lögum um framhaldsskóla og tilheyrandi reglugerðum svo og með vísun til sérstakra ákvæða sem er að finna í öðrum lögum og varða nám á framhaldsskólastigi.

Hlutverk aðalnámskrár er margþætt.

1. Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja ákveðna samræmingu og samhæfingu allra íslenskra framhaldsskóla við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er því ein meginforsenda þess að menntamálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum skólastarfs.
2. Aðalnámskrá afmarkar starfsramma stjórnenda og starfsmanna einstakra framhaldsskóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er m.a. skylt að útfæra í skólanámskrá.
3. Aðalnámskrá veitir upplýsingar um menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur. Hún er gagnleg áhugamönnum um menntamál og þeim sem starfa í stofnunum tengdum framhaldsskólum eða eru notendur þjónustu hans. Þar er fyrst að nefna starfsfólk grunnskóla, nemendur og forráðamenn þeirra, starfsfólk skóla á háskólastigi svo og fyrirtæki og samtök á vinnumarkaði. Einnig ættu upplýsingar í aðalnámskrá að nýtast við skipulagningu á menntun kennara og annars starfsfólks framhaldsskóla, við gerð námsgagna svo og við rannsóknir og úttektir á skólastarfi.

Í aðalnámskrá eru sett frám meginmarkmið framhaldsskóla og skilgreind markmið einstakra námsbrauta, námsgreina, námsáfanga og námslok. Einnig er kveðið á um umfang og uppbyggingu einstakra námsbrauta, inntak í megindráttum og mælt fyrir um námsmat og próf. Þá er tilgreindur meðal námstími á hverri námsbraut svo og lágmarksfjöldi kennslustunda í einstökum námsgreinum.

Í námskránni kemur fram hvaða kröfur nemandi þarf að uppfylla til þess að hann teljist hafa lokið einstökum áföngum námsins með fullnægjandi árangri. Í almennum hluta aðalnámskrár eru birtar ýmsar reglur er varða réttindi og skyldur nemenda og má þar nefna ákvæði um hversu oft nemandi má endurtaka próf og reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar. Auk þess eru í námskránni ákvæði um mat á starfsþjálfun sé hún hluti námsins, mat á námi þegar nemendur flytjast á milli skóla og skilyrði þess að flytjast milli námsbrauta. Í aðalnámskrá eru einnig viðmiðunarreglur um gerð skólanámskrár og mat á skólastarfi. Þá eru settar fram almennar reglur meðferð ágreiningsmála.

2. Hlutverk og markmið framhaldsskóla

Framhaldsskólinn tekur við að loknum grunnskóla og er honum gert að sinna öllum nemendum hvernig svo sem undirbúningi þeirra úr grunnskóla er háttað. Framhaldsskólum ber að búa nemendur sína undir líf, starf og frekara nám. Skólarnir gegna því veigamiklu hlutverki hvað varðar almenna menntun og félagslegt uppeldi nemenda auk þess sem þeir skulu vera vettvangur fyrir kynningu þjóðlegra og alþjóðlegra menningarverðmæta. Í námskránni eru meginmarkmið framhaldsskólans skilgreind en þau eru síðan útfærð nánar í skólanámskrám og störfum einstakra skóla.

Þessum markmiðum verður því aðeins náð að skólinn bjóði fjölbreytt nám þannig að allir nemendur geti fundið þar eitthvað við sitt hæfi.

Í skólanámskrá skulu skólar gera grein fyrir því með hvaða hætti þeir hyggist ná þeim markmiðum sem að framan eru nefnd og hvernig þeir hyggist gegna hlutverki sínu sbr. 2. gr. laga um framhaldsskóla. Samkvæmt þeirri grein laganna er hlutverk skólanna að

- stuðla að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi,
- undirbúa nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám,
- efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda,
- þjálfar nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun,
- kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta,
- hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar.

Starfsemi framhaldsskóla þarf að vera sveigjanleg til þess að skólarnir geti mætt nýjungum og breyttum kröfum. Höfuðskylda framhaldsskóla er að veita nemendum góða alhliða menntun auk þess sem þeim bera að veita nemendum markvissan undirbúning til starfa og áframhaldandi náms í sérskólum eða skólum á háskólastigi. Skólum ber að efla sjálfstraust nemenda, hæfileika þeirra til taka sjálfstæðar ákvarðanir og bregðast fljótt og skynsamlega við nýjum og breyttum aðstæðum. Gagnrýnin hugsun, heilbrigð dómgreind og verðmætamat ásamt umburðarlyndi leggja grunn að farsæld. Nemendur þurfa að geta látið skoðanir sínar í ljós, vera óhræddir við breytingar, geta tekið áhættu og borið ábyrgð á gerðum sínum. Rækta ber með nemendum hæfileika til að njóta menningar og lista og til að leggja sitt af mörkum á þeim vettvangi.

Til að styrkja einstaklinga eiga skólar að bjóða fram nám sem auðveldar þeim að átta sig á eigin stöðu í nútímasamfélagi. Þessar skyldur skólans falla undir hugtakið lífsleikni og miða að því að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi með því að dýpka skilning þeirra á samfélaginu, svo sem sögulegum forsendum, atvinnuháttum, menningu, náttúru, fjölskyldu-ábyrgð, fjármálaskyldum, einstaklingsskyldum og rétti.

Skólar skulu leitast við að stuðla að sjálfstæði nemenda. Í þessu skyni þurfa skólar að leggja áherslu á þverfaglegt nám og ýmsa farnipætti. Hér er m. a. um að ræða frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, greiningarhæfni, samstarfshæfni og hæfileika til tjáskipta í mæltu og rituðu máli. Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms. Þetta felst m. a. í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali eftir því sem við verður komið. Hér er ekki átt við sömu úrræði fyrir alla nemendur heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefni skulu höfð jafnt til pílta og stúlkna, nemenda í dreifbýli og þéttbýli svo fatlaðra sem ófatlaðra nemenda. Eitt mikilvægasta úrlausnarefnið í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ. e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins.

Hvað varðar skólagöngu fatlaðra nemenda skulu skólar leitast við að gera þeim kleift að stunda nám með öðrum eftir því sem kostur er. Fatlaðir nemendur skulu því eiga þess kost að nýta sér það nám sem er í boði á almennum námsbrautum skólans með þeirri aðstoð sem þeir þurfa og skólar geta veitt en einnig skal boðið upp á nám á sérstökum námsbrautum þar sem kennsla og viðfangsefni miðast við fötlun þeirra.

Hinar öru breytingar sem nú eiga sér stað á öllum sviðum samfélagsins gera það að verkum að gildi símenntunar eykst stöðugt. Það er því mikilvægt að nemendum verði gert ljóst að

menntun er æviverk. Með símenntun er vísað til þess að menntun og þjálfun séu órjúfanlegir þættir starfsferils hvers einstaklings og óhjákvæmileg forsenda fyrir virkri þátttöku þeirra í lýðræðislegu samfélagi mennta og menningar. Námsþvátning, sjálfstæði í vinnubrögðum, gagnrýnin hugsun, frumkvæði og almennur áhugi á þróun þjóðfélagsins efla skilning nemenda á því að hann verður að laga sig að breyttum kröfum og nýjum aðstæðum með því að nýta sér fræðslu og þekkingu.

Við skipulagningu skólastarfs er aðlögun að náms- og kennslutækni meðal flóknustu og brýnustu verkefna. Upplýsingatækni hefur skapað nýjar og spennandi forsendur fyrir öflun og miðlun þekkingar. Mikilvægt er að finna skynsamlegar og árangursríkar leiðir til að nýta þessa tækni sem best í þágu nemenda. Skólar skulu stefna að því að gera upplýsingatækni að verkfæri í öllum námsgreinum. Jafnframt þarf að búa nemendur undir það að nýta sér tæknina og laga sig að breytingum á henni síðar á ævinni.

Kennsluaðferðir þurfa að taka mið af breyttu umhverfi og breyttum áherslum á hverjum tíma. Góðir kennsluhættir vekja áhuga nemenda til náms en gera þá ekki að óvirkum þiggjendum. Kennsluhættir mega ekki vera einhæfir og samræmi verður að vera á milli þeirra og skólastefnunnar sem skólinn leitast við að framfylgja. Sjálfstraust nemenda verður ekki eftir nema með hæfilegri ögrun. Kynnist þeir ekki ögrun, sem felst í samkeppni og námsaga, býr skólinn þá ekki nægilega vel undir kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins.

Það skiptir miklu máli að allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á það nám sem hentar áhuga þeirra, getu og framtíðaráformum. Brottfall nemenda úr námi hefur verið tiltölulega mikið hér á landi miðað við það sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar. Skólar skulu því leitast við að draga úr brottfallinu m. a. með skýrari námskröfum til nemenda, aukinni upplýsingamiðlun um námskröfur og störf og fjölbreyttara námsframboði ekki síst starfsnáms. Sjálfræðisaldur nemenda er nú 18 ár. Í þessu sambandi er því mikilvægt að foreldrar eða forráðamenn nemenda sem eru yngri en 18 ára fái sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið þannig að þeir eigi þess kost að fylgjast með námsgengi barna sinna og öðlist þannig tækifæri til að stuðla að farsælli skólagöngu þeirra.

Skil milli almennrar menntunar og starfsmenntunar verða stöðugt óljósari. Hefðbundin starfsmenntun verður fræðilegri og fræðileg menntun nýtist sífellt meira á hagnýtan hátt. Bóknám og verknám ber að þróa samhliða en ekki sem andstæður. Leiðum starfsnámsnemenda inn í skóla á háskólastigi mun fjölga jafnframt því sem kröfur til þeirra verða skilgreindar með skýrari hætti.

Skólar skulu stuðla að þessari þróun með uppbyggingu styttri námsbrauta í samráði við starfsgreinaráð. Fjölgun starfsnámsbrauta stuðlar að auknum samskiptum skóla og atvinnulífs og samstarf þessara aðila við mótnun námskrafna bætir samskipti þeirra.

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að auka og efla samvinnu skóla einkum í dreifbýli. Markmið samstarfsins er að nýta það besta sem hver skóli hefur upp á að bjóða og stuðla að hagkvæmu framboði náms á viðkomandi svæði. Fjarkennsla skapar auknar forsendur fyrir slíku samstarfi skóla. Fjarkennsla rýfur ekki aðeins landfræðilega einangrun heldur gefur hún kost á sveigjanleika í menntun sem erfitt er að koma við í hefðbundnu skólastarfi. Fjarkennsla eykur möguleika dreifbýlisins til að bjóða upp á sérhæfða námsáfangar og gerir þeim jafnvel kleift að nýta sér aðgang að þekkingu í öðrum löndum á markvissan hátt. Samvinna skóla af þessu tagi geri það mögulegt að nýta betur námsframboð í landinu. Þetta þýðir að lítið er á námstilboð framhaldsskólans sem eina heild. Nemandi í einum skóla getur því lagt stund á nám í öðrum skóla ef námsáfangi sem hann óskar að leggja stunda á er ekki í boði í viðkomandi skóla.

Ein mikilvæg forsenda þess að skólar geti unnið markvisst að settum markmiðum og í samræmi við gildandi skólastefnu er virk gæðastjórnun innan hvers skóla. Skýr markmið og mat á þeim leiðum sem skólinn velur að fara í stjórnun og kennslu eru mikilvægir þættir í gæðastjórnun hvers skóla. Það eru einkum fjögur tæki sem skólar hafa yfir að ráða í þessu tilliti: aðalnámskrá, skólanámskrá, námsmat og sjálfsmatskerfi.

Öllum skólum er skylt að taka upp formlegt sjálfsmat. Tilgangur sjálfsmatsins er að leggja grunn að sívirkri umbótastarfi í hverjum skóla. Skólum er frjálst að innleiða þær sjálfsmats-

aðferðir sem þeir telja henta starfseminni svo fremi sem um viðurkenndar sjálfsmatsaðferðir er að ræða. Gerð er sú krafa til sjálfsmats að það sé formlegt, að fyrir liggi lýsing á aðferðinni, að matið nái til allra þátta skólastarfsins og að það sé byggt á markvissri upplýsingaöflun um skólahaldið.

3. Uppbygging náms - námsleiðir

3.1 Forsendur

Í lögum um framhaldsskóla segir að innihald og uppbygging náms skuli miðast við lokatakmark viðkomandi námsbrautar sem þýðir að innihald og lengd námsbrauta tekur mið af þeim markmiðum sem liggja brautinni til grundvallar. Námsbrautir framhaldsskólans eru því fjölbreytilegri og sérhæfðari en verið hefur bæði hvað varðar innihald og lengd náms. Lengd námsbrauta getur þannig verið frá einni önn upp í fjögur ár og áherslur bæði fræðilegar og hagnýtar, allt eftir markmiðum námsins.

Nemendur sem eru að hefja framhaldsskólanám eru ólíkir hvað varðar undirbúning, þroska áhugamál og námsgetu. Námsskipulag framhaldsskólans miðast m. a. við þessar ólíku þarfir og leitast verður við að tryggja að hver einstaklingur finni nám við hæfi og að hann geti ráðið námshraða sínum að svo miklu leyti sem við verður komið.

Flestir framhaldsskólar starfa eftir svonefndu áfangakerfi sem leyfir tiltölulega mikinn sveigjanleika hvað varðar tilhögun náms en nokkrir skólanna starfa eftir bekkjarkerfi þar sem kennslutilhögun er í fastara formi og sveigjanleiki ekki eins mikill. Nemendur eiga því val milli þessara tveggja kerfa en mismunandi er hvað nemendum hentar í þessu efni. Í báðum tilvikum er lögð er áhersla á að námið verði samfelld, markvisst og hæfilega sérhæft.

Með því að auka hlut sérgreina og kjörsviðs verður sérnám hærra hlutfall af námi til lokaprófs. Nemendur hljóta haldgóða almenna menntun í íslensku, erlendum tungumálum og hagnýtingu upplýsingatækni í öllum greinum. Með þessum áherslubreytingum er stefnt að því að gera undirbúning nemenda til áframhaldandi náms betri og markvissari.

Þekking sem aflað hefur verið utan hins hefðbundna menntakerfis verður í auknum mæli metin jafngild námi á framhaldsskólastigi. Þetta verður t. d. gert með fjölgun stöðuprófa og víðtækum rétti nemenda til að þreyta þau. Þannig gefst nemendum kostur á að sanna hæfni sína í einstökum greinum eða á tilteknum starfssviðum og flýta fyrir sér í námi ef þeir standast settar kröfur.

Námsefni framhaldsskóla er skipt í áfanga og er hver áfangi hæfilegur til kennslu í eina önn. Markmið og innihald hvers áfanga er skilgreint í aðalnámskrá. Hver áfangi gefur tiltekinn fjölda eininga miðað við að honum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri. Einingafjöldi áfanga er skilgreindur í aðalnámskrá. Miðað er við að nemandi í fullu námi ljúki 18 einingum á önn eða því sem næst.

3.2 Námsskipan

Fyrirkomulag náms og kennslu á framhaldsskólastigi getur verið breytilegt eftir skólum. Flestir starfa eftir áfangakerfi en aðrir eftir bekkjarkerfi. Allir skólar starfa þó samkvæmt sömu námskrá, aðalnámskrá framhaldsskóla. Námið er skipulagt eftir námsbrautum og í brautarlýsingu er kveðið á um markmið og inntak námsins.

Í námskránni er námsefni skipt upp í áfanga þannig að hver áfangi henti til kennslu í eina önn og fá nemendur tiltekinn fjölda eininga fyrir hvern áfanga sem þeir ljúka með fullnægjandi árangri. Áfangar eru merktir eftir ákveðnu kerfi með þremur bókstöfum og þriggja stafa tölu. Fyrsta talan segir til um hvar í röðinni áfangi er innan námsgreinar, önnur talan greinir að áfanga með sama undanfara og þriðja talan tilgreinir einingafjölda áfangans.

Í skólum sem starfa eftir áfangakerfi mynda þeir nemendur sem leggja stund á sama áfanga námshóp eða hópa, en í skólum sem starfa eftir bekkjarkerfi er hverjum árgangi skipt í bekki og leggja allir nemendur sama bekkjar stund á sama nám í öllum greinum að valgreinum undanskildum.

Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn og vorönn, og eru þær um það bil jafnlangar. Í skólum sem starfa eftir áfangakerfi er hægt er að hefja nám og ljúka námi á hvorri önninni sem er.

Skólar sem starfa eftir áfangakerfi skipuleggja starfið til einnar annar í senn en bekkjarskólar til eins árs í senn. Í skólum sem starfa eftir bekkjakerfi er fyrsta námsárið yfirleitt sameiginlegt fyrir alla og í flestum tilvikum er aðeins val milli frönsku og þýsku sem þriðja tungumáls.

3.3 Námsbrautir

3.3.1 Bóknám til stúdentsprófs

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs eru þrjár og skiptist námið í kjarna, kjörsvið og frjálst val. Nám í kjarna er að mestu leyti sameiginlegt fyrir brautirnar þrjár og í flestum tilvikum er aðeins skilgreind ein útgáfa af hverjum áfanga í námskránni. Þó eru skilgreindir sérstakir áfangar í stærðfræði fyrir málabraut og félagsfræðibraut og geta skólar því boðið nemendum á þessum brautum kennslu í samræmi við markmið námsins ef þeir kjósa svo og hafa aðstöðu til þess. Að öðru leyti er það ákvörðun einstakra skóla hvort áherslur í kennslu verða að einhverju leyti breytilegar eftir brautum.

Skipulag kjarna á bóknámsbrautum er sem hér greinir:

Námsgrein	Málabraut	Náttúrufr.br.	Félagsfr.br.
Íslenska	15	15	15
Stærðfræði	6	15	6
Danska	9	6	6
Enska	15	9	12
Þriðja mál	15	12	12
Fjórða mál	9		
Félagsfræði	3	3	12
Landafræði			3
Saga	6	6	12
Raungreinar	9	9	9
Eðlisfræði		3	
Efnafræði		3	
Jarðfræði		3	
Líffræði		3	
Íspróttir	8	8	8
Lífsleikni	3	3	3
Samtals	98	98	98

Nám á kjörsviði nemur samtals 30 einingum. Kjörsviðið felur í sér sérhæfingu á viðkomandi námsviði í samræmi við lokamarkmið brautarinnar. Fyrir hverja braut eru skilgreindar nokkrar námsgreinar sem nemandinn getur valið. Nemandinn velur a. m. k. þrjár greinar á viðkomandi kjörsviði og teljast þær vera kjörsviðsgreinar nemandans. Hann getur þannig bætt við sig námi í grein/greinum sem hann hefur tekið í kjarna eða tekið nýja grein eða greinar. Samanlagt nám í kjörsviðsgrein í brautarkjarna og á kjörsviði má þó aldrei vera minna en 9 ein. í hverri grein. Auk þess getur nemandi tekið allt að 12 ein. nám á kjörsviðum annarra brauta en þeirri sem hann stundar nám á. Þannig getur t. d. nemandi á náttúrufræðibraut tekið allt að 12 ein. á kjörsviði málabrautar eða kjörsviði félagsfræðibrautar. Reglan um 9. ein. lágmark gildir einnig í þessu tilviki.

Skólar geta skiplagt kjörsvið að eigin vild innan þess ramma sem hér er tilgreindur og þeim er ekki skylt að bjóða fram allar greinar sem taldar eru á hverju kjörsviði. Í þessu felst að skóli getur ákveðið kjörsviðsgreinar og fjölda áfanga í hverri grein.

Kjörsviðsgreinar námsbrauta eru þessar:

<u>Málabraut</u>	<u>Náttúrufr.br.</u>	<u>Félagsfr.br.</u>
Íslenska	Eðlisfræði	Íslenska
Norðurl.mál.	Efnafræði	Félagsfræði
Enska	Líffræði	Uppeldisfræði
Franska	Jarðfræði	Sálarfræði
Þýska	Landafræði	Saga
Spænska	Tölvufræði	Landafræði
Latína	Stærðfræði	Hagfræðigreinar
Tungumál skv.		Fjölmíðlagreinar
ákvörðun skóla		Stærðfræði
Stærðfræði		

Starfsnám og viðurkennt listnám á framhaldsskólastig má meta til kjörsviðs á bóknámsbrautum. Slíkt nám getur komið í stað allt að 12 eininga á kjörsviði auk þess sem nemandi getur nýtt frjálsa valnámið í sama tilgangi. Nemandi getur því fengið allt að 24 einingar metnar á þennan hátt sem hluta af námi til stúdentsprófs.

Starfsnám sem kemur til álit á þessu skyni er nám á framhaldsskólastigi sem nemandi hefur lokið með fullnægjandi árangri og á sér eðlilegt framhald í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Nánar er kveðið á um þetta í lýsingu viðkomandi námsbrauta.

Listnám sem meta má til kjörsviðs er nám á framhaldsskólastigi skv. námskrá eða hliðstætt nám við sérskóla. Í báðum tilvikum er miðað við að nemandi hafi lokið náminu með fullnægjandi árangri.

Nám í frjálsu vali nemur alls 12 einingum. Frjálst val gefur nemanda möguleika á að kynna sér greinar sem ekki tilheyra því námssviði sem hann hefur valið sér. Einnig getur nemandi notað frjálsa valið til að bæta við kjörsvið sitt. Þjóði viðkomandi skóli ekki upp á þær greinar sem nemandi óskar sérstaklega að taka er sá möguleiki fyrir hendi að taka þær við annan skóla, t. d. í fjarnámi.

3.3.2 Listnám

Listnámsbraut er skilgreind sem 3ja ára námsbraut og veitir hún m. a. undirbúning til frekara náms í listgreinum í sérskólum eða skólum á háskólastigi. Unnt er að velja um fjórar listgreinar, þ. e. hönnun, myndlist, tónlist og dans. Á sviði hönnunar verða skilgreind kjörsviðin margmiðlunarhönnun, almenn hönnun og listhönnun. Í síðast nefnda tilvikinu er um að ræða textilhönnun.

Skipulag kjarna á listnámsbraut er sem hér greinir:

Námsgrein	Listnámsbraut
Íslenska	9
Stærðfræði	3
Danska	6
Enska	6
Félagsfræði	3
Saga	3
Náttúrufræði	3
Listgreinar	9
Íspróttir	6
Lífsleikni	3
Samtals	51

Nám á kjörsviði nemur 45 einingum og getur nemandi valið milli ólíkra listgreina sbr. það sem áður er sagt. Námið fer annaðhvort fram í viðkomandi framhaldsskóla eða viðurkenndum listaskóla. Nemendur sem þess óska geta bætt við sig námi í bóklegum greinum og aflað sér almennra réttinda til náms á háskólastigi.

Nám í frjálsu vali er samtals 9 einingar. Um þetta nám gildir það sama og áður er sagt um frjálst val á bóknámsbrautum.

Nemendur sem þess óska geta bætt við sig námi í völdum greinum ef þeir óska að ljúka stúdentsprófi og öðlast rétt til náms á háskólastigi í tilteknum greinum eða á tilteknu sviði. Viðbótarnám til stúdentsprófs ræðst af inntökukröfum sem settar eru í því háskólanámi sem nemandinn stefnir að og öðrum markmiðum sem hann setur sér.

3.3.3 Starfsnám

Starfsnám er mjög fjölbreytt og breytilegt að því er varðar skipulag, umfang og inntak. Námið er verklegt og bóklegt og fer yfirleitt fram í skóla og á vinnustað. Hlutfallið milli verknáms og bóknáms er breytilegt eftir námsbrautum. Sama má segja um vægi náms í skóla og á vinnustað. Dæmi er um starfsnám sem tekur aðeins eina önn, en annað tekur fjögur ár eða jafnvel lengri tíma.

Í grófum dráttum má skipta starfsnámi í tvo flokka. Í fyrsta lagi nám sem leiðir til lögverndaðra starfsréttinda. Þetta gildir t. d. um nám á heilbrigðissviði og iðnnám. Í öðru lagi er um að ræða nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa án þess að um sé að ræða lögvernduð starfsréttindi.

Um þessar mundir er unnið að endurskoðun á skipulagi og framboði starfsnáms, skv. ákvæðum laga nr 80/1996, þannig að það sem sagt er hér á eftir miðast að mestu við núverandi skipan námsins. Nýjar og breyttar námskrár verða kynntar og gefnar úr jafnóðum og þær eru tilbúnar.

Nám í löggiltum iðngreinum.

Þeir sem óska að leggja stund á nám í löggiltum iðngreinum hafa um þrjár leiðir að velja: Þeir geta

- a) gert námssamning við iðnmeistara og lokið almennu bóknámi og fagbóklegu námi frá iðnmenntaskóla skv. námskrá viðkomandi iðngreinar,
- b) innritast í grunndeild í iðnmenntaskóla eða fjölbrautaskóla þar sem námið tekur eitt til tvö ár. Þegar námi í grunndeild er lokið gerir nemandinn námssamning við iðnmeistara um starfsþjálfun í atvinnulífínu og lýkur námi að öðru leyti, skv. lið a) hér að ofan,
- c) innritast í grunndeild í iðnmenntaskóla eða fjölbrautaskóla. Þegar námi í grunndeild er lokið getur nemandinn innritast í verknámsdeild iðnnáms í sama skóla eða öðrum. Nemandur á verknámsbrautum gera einnig námssamning við iðnmeistara um starfsþjálfunarpátt námsins.

Þegar nemandur hafa lokið námi í skóla og námssamningi hjá iðnmeistara gangast þeir undir sveinspróf og standist þeir prófið hafa þeir rétt til starfa í viðkomandi iðngrein. Að loknu sveinsprófi eiga nemendur kost á að fara í meistaraskóla og ljúka þaðan prófi sem veitir þeim rétt til að taka að sér stærri verk, starfa sem verktakar og hafa nemandur á námssamningi.

Annað starfsnám.

Þeir sem óska að leggja stund á annað starfsnám þurfa að innritast í skóla þar sem viðkomandi nám er í boði. Námið fer að mestum hluta fram í skólanum en auk þess er starfsþjálfun á vinnustað oftast hluti námsins. Nemandur geta innritast í sumt starfsnám strax að loknu námi í grunnskóla, en í öðrum tilvikum þarf nemandinn að ljúka tilteknu almennu námi í framhaldsskóla áður en hann getur innritast í viðkomandi starfsnám. Nánari upplýsingar er að finna í námskrá fyrir námið.

Í námskrám fyrir einstakar starfsnámsbrautir verður skilgreint viðbótarnám sem undirbýr nemandur undir framhaldsnám í sérskólum eða á háskólastigi á sama eða skyldu námssviði og þeir hafa stundað nám á.

3.3.4 Almenn námsbraut

Nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám í framhaldsskóla og nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólans geta innritast á almenna námsbraut. Markmið námsins er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinum og jafnframt að gefa nemendum tækifæri til að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í list- og verknámi. Námið getur tekið eitt til tvö ár og miðast við þarfir viðkomandi nemenda og möguleika viðkomandi skóla til að koma til móts við þær þarfir. Í námskránni verður þetta nám ekki skilgreint sérstaklega heldur hverjum skóla fyrir sig gert að skipuleggja það og skilgreina í skólanámskrá. Framhaldsskólar geta því markað sér sérstöðu með framboði sínu á námi á almennri námsbraut. Æskilegt er að þeim nemendum sem hér eiga hlut að máli standi til boða góð náms- og starfsráðgjöf. Ekki verða skilgreind sérstök inntöskilyrði í það nám sem hér um ræðir. Skólameistari ber ábyrgð á innritun í námið svo og brautskráningu nemenda.

Sem dæmi um mismunandi þarfir nemenda verða nefnd hér þrjú dæmi.

- Nemandi fullnægir ekki skilyrðum til að innritast á náttúrufræðibraut en vantar tiltölulega lítið á. Þessi nemandi þarf að fá tækifæri til að bæta kunnáttu sína í bóklegum greinum og takist það að mati viðkomandi skóla getur hann innritast á náttúrufræðibraut og hafið þar nám.
- Nemandi hefur náð mjög slökum árangri á grunnskólaprófi og hefur fremur neikvæða sjálfsmynd. Þessi nemandi hefur sennilega mesta þörf fyrir öfluga ráðgjöf auk þess sem hann þyrfti að fá tækifæri til að spreyta sig á nýjum viðfangsefnum á sviði list- eða verknáms auk nokkurs bóknáms í samræmi við undirstöðu hans.
- Nemandi hefur náð þokkalegum árangri á grunnskólaprófi. Hann fullnægir ekki inntöskilyrðum á allar námsbrautir framhaldsskóla og veit ekki hvert skal stefna. Þessi nemandi þarf á náms- og starfsráðgjöf að halda, auk þess sem hann þarf e. t. v. að kynnst frekar ýmsum námssviðum og vinnubrögðum svo sem innan list- og verknáms eða upplýsingatækni, ásamt því að bæta við sig námi í tilteknum bóklegum greinum.

3.3.5 Nám fyrir fatlaða nemendur

Kennsla fatlaðra nemenda byggir á rökstuddri námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstakling. Námsáætlunin skal byggð á meginmarkmiðum aðalnámskrár framhaldsskóla og upplýsingum um þarfir nemenda og mati á stöðu þeirra í námi og þroska. Tilgreind skulu langtíma- og skammtíma markmið með kennslunni.

Fatlaðir nemendur skulu stunda nám með öðrum nemendum skóla eftir því sem tök eru á. Heimilt er að setja á fót sérdeildir (námsbrautir) fyrir þroskahefta nemendur. Þess skal þó gætt að þeir einangrist ekki heldur skal leitast við að tryggja eðlilegan samgang milli allra nemenda. Miðað er við að nemendum í sérdeildum standi til boða eins til fjögurra ára nám.

3.3.6 Nám fyrir nemendur með takmarkaða kunnáttu í íslensku

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og íslenskir nemendur sem hafa dvalið lengi erlendis og hafa þar af leiðandi takmarkaða kunnáttu í málinu geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá sem ætluð er þessum nemendum. Sama gildir um heyrnarlausa nemendur

Hafi viðkomandi nemandi dvalið utan Norðurlanda þá getur hann sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir norðurlandamál.

4. Um stofnun og rekstur námsbrauta við framhaldsskóla

Skóli sem óskar að hefja rekstur námsbrautar sem ekki hefur áður verið starfrækt við skólann eða koma á fót nýrri námsbraut sem ekki er skilgreind í námskrá skal haga undirbúningi eins og hér greinir eftir því sem við á. Stofnun nýrra námsbrauta er háð samþykki menntamálaráðherra.

Óski skóli að bjóða fram nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla og hann hefur ekki starfrækt áður skal hann senda menntamálaráðuneytinu umsókn þar sem farið er fram á heimild til að starfrækja námið. Í umsókninni skal gerð grein fyrir hvers vegna óskað er eftir því að hefja starfrækslu viðkomandi námsbrautar, hver þörfin er fyrir námið í þeim landshluta þar sem skólinn starfar, hver eftirspurnin er eftir náminu og hvaða aðstöðu skólinn hefur til að bjóða námið fram. Sé um starfsnám að ræða skal haft samráð við aðila atvinnulífs í viðkomandi landshluta.

Tillaga að stofnun nýrrar námsbrautar skal send menntamálaráðuneytinu. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og meginmarkmiðum brautarinnar, helstu hugmyndum um inntak námsins, tengslum við aðrar brautir, námsskipan, lengd námsins svo og stöðu nemanda að loknu námi hvað varðar réttindi til starfa eða möguleika til áframhaldandi náms. Náminu skal skipt í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val, eftir því sem við á. Þá skal gerð grein fyrir ástæðum þess að farið er fram á stofnun brautarinnar og hver sé væntanlegur starfs- og rekstrargrundvöllur, þ.e. hver þörfin sé fyrir umrætt nám, áætluð eftirspurn eftir náminu, heppileg hópastærð í kennslu og hvaða aðstaða þurfi að vera fyrir hendi í viðkomandi skóla.

Æskilegt er að fram komi upplýsingar um samráðs- og samstarfsaðila á undirbúningsstigi málsins, hverjir þeir voru, hvernig samstarfinu var háttað og niðurstöðum þess.

Með umsókn um stofnun og rekstur námsbrauta skal leggja fram sundurliðaða áætlun um stofn- og rekstrarkostnað.

5. Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði fela í sér að nemandi þarf að hafa náð tilteknum lágmarksárangri í vissum greinum til að geta innritast á námsbrautir framhaldsskóla aðrar en almenna braut. Við ákvörðun inntökuskilyrða er tekið tillit til námsárangurs bæði á samræmdum prófum og skólaprófum. Miðað er við að einkunnir á samræmdum prófum verði í þessum tilgangi umreiknaðar í staðaleinkunnir, þannig að einkunn nemandans sýni stöðu hans gagnvart öðrum nemendum. Við mat á umsóknum verður miðað við svokallaða viðmiðunareinkunn í einstökum greinum, sem er meðaltal staðaleinkunnar á samræmdu prófi og skólaeinkunnar.

Á þessum forsendum eru sett eftirfarandi inntökuskilyrði:

Allir þeir sem lokið hafa námi grunnskóla eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.

Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla en hafa ekki þreytt samræmd grunnskólapróf eða uppfylla ekki inntökuskilyrði annarra brauta eiga kost á að hefja nám í sérdeild eða á almennri braut. Á almennri námsbraut geta nemendur m. a. valið stutt hagnýtt nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa, nám sem gefur þeim kost á að bæta fyrri námsárangur í bóklegum greinum þannig að þeir geti hafið nám á námsbrautum sem gera kröfur um góðan undirbúning í einstökum námsgreinum svo og nám sem nemendur skilgreina sjálfir í samræmi við sín áhugamál í samstarfi við námsráðgjafa.

Nemandi sem lokið hefur skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, þ. m. t. samræmd próf a. m. k. í íslensku og stærðfræði og fengið tilskilda lágmarkseinkunn eða hærri viðmiðunareinkunn í þessum greinum getur innritast á skilgreindar brautir framhaldsskólans svo fremi að ekki séu gerðar viðbótarkröfur um árangur í öðrum greinum. Vakín er athygli á að

þróunin virðist vera í þá átt að eftir eins til tveggja ár grunnnám á skilgreindu sviði starfsnáms verði haldin próf til þess að ákvarða um frekara nám nemenda.

Til að hefja nám á bóknámsbraut framhaldsskóla þarf nemandinn að uppfylla kröfur um viðmiðunareinkunn í ákveðnum lykilgreinum sem tilgreindar eru fyrir hverja braut. Til að hefja nám á málabraut þarf nemandinn að hafa hlotið tiltekna viðmiðunareinkunn eða hærri einkunn í íslensku, ensku og dönsku og tiltekna viðmiðunareinkunn eða hærri einkunn í stærðfræði. Á félagsfræðabraut þarf nemandinn að hafa hlotið tiltekna viðmiðunareinkunn eða hærri einkunn í íslensku, ensku og samfélagsgreinum og tiltekna viðmiðunareinkunn eða hærri einkunn í stærðfræði. Á náttúrufræðabraut þarf nemandinn að hafa hlotið tiltekna viðmiðunareinkunn eða hærri einkunn í íslensku, stærðfræði og raungreinum og tiltekna viðmiðunareinkunn eða hærri einkunn í ensku.

Til að hefja nám á listnámsbraut þarf nemandinn að hafa fengið ákveðna viðmiðunareinkunn í íslensku og stærðfræði ásamt því að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla með fullnægjandi árangri að mati viðtökuskóla eða sýnt með öðrum hætti að námið henti honum.

Skólameistari getur heimilað nemanda sem uppfyllir ekki inntökuskilyrði brautar að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að nemandinn standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur á brautinni enda hafi nemendum sem uppfylla inntökuskilyrðin ekki verið hafnað. Auk þess er skólameistara heimilt skv. 15. gr. laga um framhaldsskóla að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar brautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

Vilji nemandi tryggja sér rétt til náms á öllum námsbrautum þarf hann að ná viðmiðunareinkunn í öllum námsgreinum sem prófað er í samræmt við lok grunnskóla

Inntökuskilyrði skv. framanrituðu taka gildi frá og með skólaárinu 2001 - 2002.

6. Skólanámskrá

6.1 Hlutverk skólanámskrár

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla er hverjum skóla skylt að gefa út skólanámskrá. Hún á að lýsa skólastarfi hvers skóla, sérkennum hans og sérstöðu. Þar skal gerð grein fyrir námsframboði, lengd og inntaki námsbrauta og skiptingu námsgreina á námsannir eða námsár.

Í skólanámskrá útfærir skólinn nánar ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár og birtir verklagsreglur skólans. Í skólanámskrá skulu einnig birtar samskipta- og siðareglur skólans, þar á meðal annars að birta reglur um samskipti starfsmanna við aðila utan hans. Einnig skal kveðið á um hvernig tekið skuli á einstökum málum sem upp koma.

Skólanámskrá er í senn stefnuskrá skólans og starfsáætlun. Hún er unnin af starfsmönnum skólans undir stjórn skólameistara og er því bindandi fyrir starfsmenn skólans.

6.2 Inntak skólanámskrár

Í skólanámskrá skulu skólar gera grein fyrir því með hvaða hætti þeir hyggist gegna hlutverki sínu samkvæmt 2. gr. laga um framhaldsskóla, þ. e. a. s. hvernig þeir ætli að "stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi", sbr. einnig 2. kafla. Þar skal einnig gerð grein fyrir áherslum í starfi skólans, kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, náms- og starfsráðgjöf svo og gæða-stjórnun.

Í skólanámskrá skulu settar fram meginhugmyndir og viðmið við val kennslu- og námsmatsaðferða og skipulagshátta, val námsefnis o.fl.

Við gerð skólanámskrár skal einnig tekið mið af lögum, reglugerðum og reglum eftir því sem efni standa til og nauðsyn krefur, meðal annars um jafnan rétt allra til náms. Í skólanámskrá skal einnig fjallað um stuðning við fatlaða nemendur og þroskahefta.

Í skólanámskrá skal m. a. fjallað um eftirtalin atriði.

- Nánari útfærslu á markmiðum og inntakspáttum aðalnámskrár svo og aðlögun þeirra að aðstæðum í viðkomandi skóla, og hins vegar staðbundin markmið og útfærslu þeirra með hliðsjón af ákvæðum aðalnámskrár.
- Sérstök viðfangsefni skólans svo sem áfengis- og vímuvarnir, umhverfismennt, jafnréttisfræðslu, o. fl.
- Skipulag, það er lýsingar námsbrauta, tengsl áfanga og námsgreina, samstarf kennara, sérstakar áherslur í starfi skóla, starfsáætlanir og skipan í námshópa eða bekkji.
- Skipulagi kennslunnar og kennsluaðferðum.
- Tilhögun námsmats, reglum sem um það kunna að gilda, hvers konar vitnisburður er gefinn og á hvaða grunni hann byggist.
- Almennar skólareglur, byggðar á aðalnámsskrá framhaldsskóla. Þar skal einnig fjalla um réttindi og skyldur skóla og nemenda svo og reglur um skólasókn. Í skólareglum skal kveðið á um umgengni og hegðun nemenda í skóla, á samkomum á vegum skóla og á heimavist. Þar ber einnig að veita upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum.
- Starfsliði skólans, menntun þess og starfsreynslu.

Auk þess skulu birtar í skólanámskrá upplýsingar um ýmsa aðra veigamikla þætti skólastarfsins, s.s. skóladagatal, samskipti heimila og skóla, félagslíf, heilsugæslu, aðbúnað og aðstöðu, samskipti við aðra skóla héraðs og erlendis, samstarf við aðila á vinnumarkaði, eftir því sem við á.

7. Um réttindi og skyldur skóla og nemenda

7.1 Innritun nemenda og þjónusta

Nemandi og forráðamaður hans undirrita umsókn um skólavist ef nemandi er yngri en 18 ára. Eldri nemendur undirrita umsóknir sínar einir. Undirritun umsóknar er staðfesting þess að nemandinn hafi kynnt sér námsfyrirkomulag skólans og muni virða reglur hans um hegðun, ástundun og skólasókn. Skólinn tilkynnir nemandanum eins fljótt og verða má hvort hann fær skólavist eða ekki. Fáir nemandi jákvætt svar er greiðsla innritunargjalds endanleg staðfesting á því að hann muni þiggja skólavist og hlíta reglum skólans.

Þjónusta sem nemendum stendur til boða, auk kennslu, án sérstaks endurgjalds er eftirfarandi: a) aðgangur að bókasafni og þjónustu bókararða, b) þjónusta námsráðgjafa, c) aðstoð og þjónusta umsjónarkennara, d) skólanámskrá og kennsluáætlanir, stundatafla, fjarvistayfirlit og námsferil, e) aðgangur að lesstofu og tölvuveri.

7.2 Skólasókn.

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um frávík frá skólasókn. Þar skal m.a. koma fram hvernig veikindi nemenda og önnur óhjákvæmileg forföll eru meðhöndluð. Sömuleiðis skal gerð grein fyrir viðurlögum við brotum á skólasóknareglum.

Fjarvera vegna staðfesta veikinda og/eða lækni meðferðar nemanda útilokar hann ekki frá því að ganga undir próf í lok námsannar eða skólaárs. Leitast skal við að finna viðunandi leið að námslokum fyrir langveika nemendur.

Nemendum skal gefin einkunn fyrir skólasókn. Skólasókn skal ekki metin til eininga.

7.3 Skráning nemenda í próf og brottfall frá námi

Um leið og nemandi skráir sig í áfanga/bekk samþykkir hann þá tilhögun námsmats sem námsgreininni fylgir og birt er í kennsluáætlun/skólanámskrá. Skólar auglýsa frest til breytinga á skráningu og stundatöflum í byrjun annar eða námsárs. Nemandi sem hyggst hætta í áfanga eða segir sig úr skóla eftir að frestur til töflubreytinga er liðinn skal tilkynna skólanum það skriflega og er hann þá skráður hættur. Skólar skulu leitast við að birta próftöflur áður en frestur til breytinga á stundatöflum rennur út. Greinarmunur er gerður á skráningu þeirra sem hætta fyrir tilskilinn tíma og hinna sem koma ekki til prófs, uppfylla ekki kröfur símats eða standast ekki prófkröfur. Skólameistari getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum ef aðstæður nemanda breytast, t.d. vegna langvarandi veikinda, slysfara eða vegna dauðsfalla í fjölskyldunni.

7.4 Kennsluáætlanir

Við upphaf kennslu skulu nemendur fá skriflegar upplýsingar frá kennara um námsmarkmið viðkomandi námsáfanga, lista yfir námsgögn og kennsluáætlun. Við upphaf áfangans skal kynna nemendum tilhögun námsmats og reglur um framkvæmd þess, komi hún ekki fram í skólanámskrá. Hið sama á við um vægi verklegra þátta, ritgerða, munnlegs prófs o.s.frv. í lokaéinkunn. Gera skal sérstaka grein fyrir með hvaða hætti tekið er tillit til nemenda með sérþarfir.

7.5 Reglur um námsframvindu

Eftirfarandi reglur eru til hliðsjónar við skipulag og starfshætti framhaldsskóla. Skólastjórnendur útfæra nánar framkvæmd reglnanna í skólanámskrám.

Gert er ráð fyrir því að aðstæður nemanda séu þannig að hann geti lokið námi á námsbraut á eðlilegum námshraða og innan þeirra tímamarka sem skilgreind eru fyrir hverja námsbraut.

Áfangaskólar

1. a. Nemandi skal ljúka 9 einingum á önn hið minnsta eða ná fullnægjandi námsárangri í námi sem svarar til 18 kennslustunda á viku og telst hann annars fallinn á viðkomandi önn. Skólum er heimilt að víkja frá þessu lágmarki á 1. önn. Skólum er einnig heimilt að miða við að nemandur ljúki 18 einingum á tveimur önnum. Skóla er ekki skylt að endurinnrita nemanda hafi hann fallið á tveimur önnum í röð.
b. Falli nemandi á önn á hann rétt á að láta þá áfanga standa þar sem hann hefur fengið einkunnina 7 eða hærra.
c. Nemanda er heimilt að þreyta próf þrívegis í sama áfanga.
d. Reglulegt nám til stúdentsprófs skal taka 11 annir mest og reglulegt tveggja ára nám 7 annir mest.
2. Ef fall í einum áfanga í áfangaskóla kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast með loka-próf skal leyfa honum að taka upp próf í þeim áfanga í lok sömu annar.
3. Nemandi, sem fær einkunnina 8 eða meira í námsáfanga, getur sótt um til skólameistara að stunda nám í næsta áfanga í greininni án þess að sækja kennslustundir (P-áfangi).
4. Til að standast próf í áfanga og fá leyfi til að hefja nám í eftirfarandi áfanga þarf lágmarkseinkunn 5. Þó er nemandi heimilt að útskrifast með einkunnina 4 ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Þessir áfangar gefa ekki einingar.

Bekkjarskólum (Þarfnast frekari athugunar.)

Í hverri námsgrein er gefin ein haustannareinkunn og vorannareinkunn. Lokaeinkunn á bekkjarprófi er meðaltal haustannar- og vorannareinkunnna svo og námseinkunnar, þar sem hún er gefin (*Er hún ekki alltaf gefin?*). Þegar stúdentspróf er tekið í námsgrein skal gefin námseinkunn. Lokaeinkunn í stúdentsprófsgrein á bekkjarprófi er meðaltal námseinkunnar og prófseinkunnar.

Aðaleinkunn er reiknuð með einum aukastaf sem vegið meðaltal lokaeinkunnna með einingum í hverri námsgrein á því námsári.

Til að standast próf í einstökum námsgreinum þarf nemandi að fullnægja eftirtöldum skilyrðum um námsgreinar, nema hann hafi tekið stúdentspróf í greininni:

1. Vorannareinkunn a. m. k. 4.

2. Lokaeinkunn a. m. k. 4.

Til að geta flust án frekari skilyrða milli námsára í bekkjarskóla þarf nemandi að fullnægja lágmarksskilyrðum í hverri námsgrein, sbr. síðustu málsgrein og aðaleinkunn þarf að vera 5,0 eða hærri.

Ef nemandi hefur aðaleinkunn 5,0 eða hærri og allt að þrjár einkunnir eru undir lágmarki má hann þreyta aftur próf í þessum greinum að loknum vorprófum. Til að standast endurtökupróf þarf einkunnin að vera 4 eða hærri. (*Endurtökupróf eru úr námsefni alls skólaársins*)

Nú fellur nemandi á einu endurtökuprófi og er þá heimilt að flytja hann milli bekkja einu sinni á ferlinum, ef falleinkunn er ekki lægri 2 og námsgreinin er ekki aðalgrein á námsbraut hans.

7.6 Metið nám úr öðrum skólum

Þegar nemandi flyst á milli skóla sem starfa skv. aðalnámskrá framhaldsskóla og skráir sig þar á tiltekna námsbraut halda þeir áfanga gildi sínu sem hann hefur lokið með fullnægjandi árangri svo framarlega sem þeir eru skilgreindur hluti af þeirri braut sem hann innritast á. Áfanga sem kunna að falla utan brautarinnar má meta sem valgreinar að því marki sem nemur valgreinakvóta viðkomandi brautar.

Staða nemanda, sem hér eiga hlut að máli, breytist ekki við það að flytja á milli skóla hvað varðar fjölda staðinna áfanga og fjölda eininga sem þeir hafa áunnið sér. Viðtökuskóli skal því virða sérreglur þess skóla sem nemandinn kemur frá í atriðum sem kunna að hafa áhrif á einingastöðu nemandans. Nám úr öðrum skólum er metið með einkunn, þ.e.a.s. einkunn flyst með nemandanum.

Heimilt er að láta þess getið á prófskírteini ef nám er metið úr öðrum skóla.

Hafi nemandi stundað nám við skóla sem ekki starfar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla ber skólameistari ábyrgð á því að hve miklu leyti námið verður metið inn á nýja námsbraut. Við matið skal ekki leita eftir því að fyrra nám sé nákvæmlega það sama og skilgreint er í námskrá heldur skal leggja áherslu á að athuga hvort ekki sé hægt að meta námið sem jafngilt og hvort nemandinn hafi forsendur til að ljúka náminu. Leiki vafi á hvernig rétt sé að meta námið er rétt að láta nemandann njóta vafans eða vísa honum á að fara í stöðupróf. Þá er vakin athygli á að list- eða starfsnám má meta til kjörsviðs á bóknámsbrautum, sbr. kafla 3.3.

Nemandi sem stundar umfangsmikla líkamsþjálfun á vegum sérsambands og/eða íþróttafélags, undir stjórn sérmenntaðs þjálfara, íþróttافرæðings eða kennara samhliða námi í framhaldsskóla, getur óskað eftir því að vera undanþeginn vissum áföngum eða áfangahlutum í íþróttum, líkams- og heilsurækt.

Fyrir upphaf skólaárs eða námsannar þarf nemandi að skila til skólans þjálfunaráætlun sem þjálfari viðkomandi sérsambands eða íþróttafélags hefur staðfest. Skólameistari tekur ákvörðun hvort tilefni sé til eða að hve miklu leyti beri að meta þjálfun íþróttamannsins í námi í viðkomandi áföngum eða áfangahlutum í íþróttakennslu viðkomandi skóla.

Að hámarki geta nemendur fengið eina námseiningu metna, vegna þjálfunar sinnar, fyrir hverja námsönn á meðan þeir eru í námi í framhaldsskóla.

7.7 Nám utan skóla

Skólameistari getur veitt nemanda heimild til að stunda nám sitt utan skóla. Um utanskólanemendur gilda sömu námskröfur og um aðra nemendur skólans. Utanskólanemendur fá að jafnaði ekki að sækja kennslustundir nema um sé að ræða æfingar sem þeim er skylt að ljúka en þeir skulu standa skil á verkefnum, skýrslum og ritgerðum í samráði við kennara sem málið varðar. Sumar greinar eru þess eðlis að ekki er hægt að stunda nám í þeim utan skóla. Nánari upplýsingar um möguleika til utanskólanáms veitir viðkomandi skóli.

7.8 Reykingar og vímuefni

Reykingar eru óheimilar í húsnæði framhaldsskóla. Einnig er öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna stranglega bönnuð í húsakynnum skóla. Framhaldsskólar skulu móta stefnu í áfengis- og vímuefnavörnum og birta í skólanámskrám sínum.

8. Um námsmat og próf

Tilgangur námsmats er að kanna að hve miklu leyti nemandi hefur tileinkað sér markmið aðalnámskrár (skólanámskrár) í viðkomandi grein. Námsmat getur farið fram með mismunandi hætti eftir ákvörðun skóla. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við umfang kennslu í viðkomandi grein. Kennarar bera ábyrgð á námsmati og þeir meta úrlausnir nemenda.

8.1 Próf

Próftafla skal liggja fyrir áður en frestur til breytinga á skráningu í áfanga rennur út. Á sama tíma skal auglýsa sjúkrapróf í einstökum námsáföngum.

Vægi spurninga skal koma fram á prófverkefni. Kennari eða staðgengill hans í lögmætum forföllum kennara skal koma á prófstað í skriflegum prófum sem hann stendur fyrir en ef því verður ekki við komið skal vera unnt ná í hann á meðan á prófi stendur. Ef kennari verður var við almenn vafaatriði hjá nemendum í prófi þá skal hann greiða úr þeim í heyranda hljóði, ef aðstæður leyfa. Í skólanámskrám skulu prófreglur útfærðar sérstaklega.

Að loknu prófi skulu nemendur eiga þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara í síðasta lagi innan þriggja daga frá afhendingu einkunna. Ef fram kemur skekkja í mati eða einkunnagjöf skal slíkt leiðrétt svo fljótt sem verða má og niðurstaðan birt viðkomandi nemanda án tafar.

Menntamálaráðuneytið gefur út staðal fyrir prófskírteini til notkunar í framhaldsskólum.

8.2 Veikindi í prófi

Nemanda, sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf, ber að tilkynna um veikindi sín samdægurs til skrifstofu skólans og skila þangað læknisvottorði innan þriggja daga. Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn nemandans. Skal læknisvottorði dagsettu samdægurs skilað til skrifstofu skólans. Nemandi sem hefur orðið fyrir slysi eða veikist á próftímanum hefur rétt til þess að taka sjúkrapróf, enda skili hann læknisvottorði því til staðfestingar. Sækja skal skriflega um sjúkrapróf eftir þeim reglum hver skóli setur sér. Sjúkrapróf skulu haldin innan tveggja vikna frá því að próf var haldið. Ef nemandi kemst ekki í sjúkrapróf vegna veikinda eða slysfara hefur hann heimild til þess að þreyta sjúkraprófið síðar. Hafa skal samráð við nemanda um tímasetningu slíks sjúkraprófs.

8.3 Einkunnagjöf

Einkunnir í framhaldsskólum skulu gefnar í heilum tölum frá 1 til 10 og skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar um merkingu þeirra:

Einkunn 10	vísar til þess að	95-100% markmiða var náð
" 9	"	85-94% markmiða var náð
" 8	"	75-84% markmiða var náð
" 7	"	65-74% markmiða var náð
" 6	"	55-64% markmiða var náð
" 5	"	45-54% markmiða var náð
" 4	"	35-44% markmiða var náð
" 3	"	25-34% markmiða var náð
" 2	"	15-24% markmiða var náð
" 1	"	0-14% markmiða var náð

8.4 Frávik frá prófareglum

Nemendur sem eiga við að etja fötlun og/eða sértæka námserfiðleika þurfa ekki aðeins sérstaka aðstoð í námi heldur er oft óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir varðandi próf og annað námsmat og ber skólum að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi nemenda í þessu efni.

Fatlaðir og langveikir nemendur, nemendur með lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um frávik frá hefðbundnu námsmati. Um er m.a. að ræða sérstaka samsetningu prófa, lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð í prófum, munnleg próf o. fl. Þá ber einnig að hafa í huga aðrar aðferðir við að meta námsárangur þessara nemenda heldur en þær sem almennt eru notaðar í skólum.

8.5 Stöðupróf

Tilgangur stöðuprófa er að gera viðkomandi kleift að sanna þekkingu sína í tiltekinni grein eða á tilteknu sviði. Með þessum hætti geta nemendur fengið viðurkennda þekkingu og reynslu sem þeir búa yfir og ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla og stytt þannig námstíma sinn til lokaprófs. Þeir sem ganga undir stöðupróf greiða sannanlegan kostnað vegna prófanna.

Menntamálaráðuneytið felur framhaldsskólum framkvæmd stöðuprófa. Stöðupróf verða haldin a. m. k. einu sinni á ári í bóklegum og verklegum greinum eftir því sem tilefni er til.

8.6 Um birtingu einkunna

Um meðferð og birtingu einkunna ber að fara með í samræmi við lög nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónulegra upplýsinga. Því er skólum óheimilt að birta einkunnir einstakra nemenda undir nafni, kennitölu eða öðru skráningarauðkenni sem hægt er að persónugera nema fyrir liggi skrifleg heimild viðkomandi nemenda.

8.7 Varðveisla prófaúrlausna

Skólar skulu varðveita allar prófúrlausnir í eitt ár. Að þeim tíma liðnum ber skólameistari ábyrgð á að eyða öllum skriflegum prófúrlausnum. Próftaki getur fengið að sjá prófúrlausn sína ef hann leggur fram beiðni um það innan árs frá því að niðurstöður prófs voru birtar. Einnig getur hann fengið ljósrít af prófúrlausn sinni ef hann óskar þess. Þeir sem þess óska geta fengið afhent eintök af prófverkefnum skóla — eftir að próf í viðkomandi grein hefur verið þreytt, sbr. upplýsingalög nr. 50/1996.

9. Sveinspróf og námssamningar.

9.1 Um námsmat í sveinsprófum

Um námsmat í sveinsprófum gildir reglugerð nr. 278/1997 um sveinspróf og reglur um uppbyggingu og tilhögun sveinsprófs í hverri löggilttri iðngrein um sig sem menntamálaráðherra setur samkvæmt 2. gr. fyrrgreindrar reglugerðar.

9.2 Reglur um styttingu námssamninga

1. Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggist á ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Námið, skipulag þess og lengd starfsþjálfunar er ákveðin í námskrá hverrar iðngreinar um sig, sbr 31. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
2. Heimilt er að meta starfsreynslu sem iðnnemi hefur sannanlega aflað sér í iðngrein þeirri sem hann hyggst leggja stund á ef meistari hans telur kunnáttu og hæfni gefa tilefni til þess. Gengið skal frá slíkri styttingu við gerð námssamnings. Við mat á vinnu nema fyrir gerð námssamnings skal haft í huga ákvæði 25. gr. framhaldsskólalaga um að starfsnám skuli mynda sem samfelldasta heild svo að nemendur fái betur skilið tengsl fræðilegra og hagnýtra þátta. Í samningsbundnu iðnnámi getur slíkt mat því aldrei leitt til þess að nemi teljist hafa lokið verklegri þjálfun sinni áður en skólanám hefst. Sé nám stundað á verknámsbraut skóla verður að taka mið af gildandi námsskipulagi þegar vinna fyrir gerð námssamnings er metin.
3. Heimilt er að gera opinn samning sem lýkur þegar nemi hefur brautskráðst frá iðnmenntaskóla og lokið tilskilinni starfsþjálfun í atvinnulífinu. Við útreikninga eru taldar 173 dagvinnustundir á mánuði, 4,33 vikur í mánuðinum og 40 tímar á viku.
4. Sannanleg vinna með skóla styttr námstíma skv. eftirfarandi reglu: Miðað er við að fullt nám í skóla sé 20 einingar á önn; nemi í 10 eininga námi á önn fær metna 22 klst. vinnu á viku til styttingar á námstíma, nemi í 15 eininga námi á önn fær metna 11 klst. vinnu á viku o.s.frv. Miðað er við að samanlögð vinna (skóli+starf) fari ekki yfir 44 klst. á viku.

10. Undanþágur

10.1 Undanþágur frá einstaka námsgreinum eða námsáföngum

Fatlaðir nemendur, nemendur með lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstaka námsáföngum enda fullreynt að mati skóla að nemandinn geti ekki náð tökum á námsefninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemandur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeirra fá undanþágu frá.

10.2 Undanþágur fyrir afreksfólk í íþróttum

Afreksíþróttamaður telst sá sem valinn hefur verið í unglíngalandsliði eða landsliði viðkomandi íþróttagreinar, eða sá sem hefur verið valinn til þátttöku og/eða undirbúnings fyrir Norðurlandamót, Evrópumеistaramót, Heimsmeistaramót eða Olympíuleika í sinni íþróttgrein.

Þegar staðfesting á fyrirhugaðri þátttöku nemandans í íþróttaverkefnum liggur fyrir er mælt með því að skólastjórnendur geri sérstakan samning við hann um þær undanþágur sem á þarf að halda s.s. um skólasókn nemandans, verkefnaskil og próftöku. Viðkomandi sérsamband/landsliðsþjálfari/landsliðsnefnd skal leggja fram staðfesta áætlun um þátttöku íþróttamannsins í íþróttaverkefnum fyrir upphaf skólaárs eða námsannar.

Komið skal til móts við afreksíþróttafólk á þann hátt að fjarvera þeirra á námstíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða landsliðs í viðkomandi íþróttgrein, reiknast ekki inn í skólasóknareinkunn nemandans. Komið skal til móts við afreksíþróttafólk á þann hátt að

fjarvera þeirra á prófatíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða á vegum landsliðs í viðkomandi íþróttagrein, útiloki ekki nemanda frá því að gangast undir námsmat í lok skólaárs eða námsannar. Leitast skal við að gefa nemandanum tækifæri til að ljúka prófum eða lokaverkefnum, eftir því sem við verður komið.

11. Um meðferð persónulegra upplýsinga

11.1 Meðferð gagna

Gögn í vörslu skóla sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar um nemendur skal farið með í samræmi við ákvæði laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og ákvæði upplýsingalaga nr. 59/1996 eftir því sem við á. Vakín er sérstök athygli á því að starfsfólk í framhaldsskóla er bundið trúnaði og óheimilt er að veita persónulegar upplýsingar um nemanda úr skólaskránni án samþykkis þess sem í hlut á og foreldra/forráðamanna ef um nemanda yngri en 18 ára er að ræða.

11.2 Upplýsingaskylda gagnvart foreldrum/forráðamönnum

Óski foreldrar/forráðamenn nemanda sem er yngri en 18 ára eftir upplýsingum frá framhaldsskóla um námsframvindu, skólasókn eða annað sem tengist þeirra barni sérstaklega þá ber skólastjórnendum að veita þær upplýsingar. Skólastjórnendur skulu einnig leitast við að koma á skipulegum tengslum við foreldra/forráðamenn nemenda og kynna þeim m.a. skólareglur, skipulag og markmið skólans.

Þegar nemandi hefur náð sjálfræðisaldri er einungis heimilt að veita honum sjálfum, eða þeim sem nemandinn veitir *skriflegt* umboð, upplýsingar um eigin hagi úr gagnasafni skólans.

12. Meðferð mála

Leitast skal við að leysa ágreiningsmál innan skóla. Miðað skal við að umsjónarkennarar og námsráðgjafar séu hafðir með í ráðum við lausn ágreiningsmála sem varða skjólstæðinga þeirra. Veita skal nemanda viðvörðun áður en til refsingar kemur, nema brotið sé þess eðlis að því verði ekki viðkomandi, svo sem brot á almennum hegningarlögum. Áminningar vegna brota á skólareglum eiga að vera skriflegar þar sem fram kemur m. a.:

- a) tilefni áminningar og þau viðurlög sem fylgja í kjölfarið brjóti nemandi aftur af sér,
- b) að nemandi sé gefinn kostur á að andmæla áminningu og skal tímafrestur hans til þess tilgreindur.

Framhaldsskólar skulu hafa feril máls skráðan þegar ágreiningsmál koma upp innan skólans eða þegar um brot á skólareglum er að ræða. Við meðferð mála skal sérstaklega gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og upplýsingalaga nr. 50/1996.

Leitast skal við að afgreiða brot á skólareglum með skjóttum hætti.

12.1 Samskipti nemenda og starfsfólks framhaldsskóla

Rísi ágreiningur milli nemenda, kennara og/eða annarra starfsmanna framhaldsskóla og takist hlutaðeigandi ekki að finna lausn á málinu skal því vísað til skólameistara. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu skólameistara má vísa málinu til menntamálaráðuneytisins.

Komi fram kvartanir eða kærur vegna samskipta nemanda/nemenda og skólameistara og takist ekki að leysa málið innan skólans skal því vísað til úrlausnar menntamálaráðuneytisins.

Telji nemandi, eða forráðamenn hans sé nemandinn yngri en 18 ára, að brotið hafi verið á rétti nemandans, sbr. skólareglur, þannig að ástæða sé til að bera fram kvörtun skulu þeir snúa sér til viðkomandi kennara, umsjónarkennara eða skólameistara. Takist ekki að leysa málið tekur skólameistari það til umfjöllunar og ákvarðar um viðbrögð.

Með sama hætti skal kennari eða annar starfsmaður skóla sem telur að brotið hafi verið á rétti sínum með einum eða öðrum hætti koma kvörtun sinni til skólameistara.

12.2 Misferli í prófum, ágreiningur um námsmat

Nemanda sem staðinn er að misferli í prófi skal vísa frá prófi og getur hann átt von á brottvikningu úr skóla, tímabundið eða til frambúðar, eftir alvarleika brots. Hið sama gildir um misferli þar sem námsmat felst í öðru en skriflegu- eða munnlegu prófi.

Komi upp ágreiningur milli nemanda og kennara um mat úrlausnar skal skólameistari kveðja til prófdómara til þess að fara yfir úrlausnina að höfðu samráði við deildarstjóra. Úrskurður prófdómara skal gilda.

12.3 Brot á reglum um skólasókn

Áður en nemanda er vikið úr einstökum áföngum eða úr skóla vegna lélegrar skólasóknar skal hann hafa fengið skriflega viðvörun frá viðkomandi kennara, umsjónarkennara eða stjórnanda, enda hafi verið ljóst að í óefni stefndi. Endanleg brottvikning úr einstökum áföngum eða úr skóla vegna lélegrar skólasóknar er á ábyrgð skólameistara. Skólameistari skal leita umsagnar skólaráðs áður en til brottvikningar kenur.

12.4 Ágreiningur um námsframvindu

Ágreiningsmál um námsframvindu eða undanþágubeiðnir skulu koma til umfjöllunar í skólaráði. Umsögnum skal komið til skólameistara sem sker úr um slík mál. Úni nemandi ekki þeim úrskurði má vísa málinu til menntamálaráðuneytisins.

12.5 Málsmeðferð sveinsprófa

Um meðferð ágreiningsmála vegna árangurs í sveinsprófum gildir reglugerð nr. 278/1997 um sveinspróf.

13. Fullorðinsfræðsla

Framhaldsskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að bjóða upp á nám í öldungadeildum, þ. e. almenna og sérhæfða fræðslu fyrir fullorðna sem hentar ekki að sækja reglulega kennslu í dagskóla. Nám í öldungadeildum sem nemandi lýkur með fullnægjandi árangri er jafngilt samsvarandi námi sem fram fer á einstökum brautum framhaldsskóla.

Nemandi í öldungadeildarnámi ræður námshraða sínum, þ.e.a.s. hann getur tekið eina grein eða fleiri eða skráð sig til náms á tiltekna námsbraut sem starfrækt er við viðkomandi framhaldsskóla allt eftir þeim markmiðum sem hann stefnir að. Nemendur í öldungadeild greiða því sem næst þriðjungi kennslulauna vegna kennslunnar.

Þeir sem hafa í hyggju að stunda nám í öldungadeild geta fengið upplýsingar um framboð náms og skilyrði til að innritast í námið í viðkomandi skóla.

Nokkrir framhaldsskólar starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa í viðkomandi landshluta. Hér getur verið um áhugavert og fjölbreytt námstilboð að ræða sem einkum er ætlað þeim sem eru í starfi. Viðkomandi skólar veita nánari upplýsingar um þetta nám.

Almenn námsbraut

Markhópur

Almenn námsbraut er ætluð nemendum sem hafa ekki gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám í framhaldsskóla, nemendum sem fullnægja ekki inntökuskilyrðum inn á lengri námsbrautir framhaldsskóla og öðrum þeim sem þurfa á sérstökum undirbúningi að halda vegna annars náms á þessu skólastigi.

Hlutverk og markmið

að koma til móts við ólíkar námsþarfir nemenda og opna þeim nýja möguleika til náms og þroska, m.a. með því að aðstoða sérhvern nemanda við að

- endurvekja og efla sjálfstraust sitt og styrkja sjálfsmynd sína (m.a. með því að setja sér raunhæf markmið og finna leiðir til að ná þeim)
- bera ábyrgð á eigin námi og lífi
- virkja frumkvæði og sköpunargáfu og efla starfsleikni
- að búa sig undir frekara nám í framhaldsskóla og/eða starf og efla jákvæð viðhorf til menntunar sem æviverks
- að efla vitund sína um lífsgildi og menningu þjóðarinnar

Tilhögun námsins

Nemandinn hafi val um mismunandi námsleiðir og námsaðferðir eftir því sem unnt er og einnig val um mismunandi umfang eða tímalengd náms. Mælt er með því að gera n.k. námssamning við nemandann þar sem markmið hans og skyldur eru útfærð fyrir hverja námsönn. Að námi loknu fengi nemandinn útskrift „diplomu“ þar sem samsetning námsins kæmi fram ásamt staðfestingu á námslokum.

Uppbygging.

Námslengd:	2 annir	4 annir
Einingar	35 ein.	70 ein.
Kjarni I (15-20% námsins)	5-7 ein.	10-14 ein.
- lífsleikni		
- tjáning, sjálfsstyrking, náms- og starfsráðgjöf		
- íþróttir		
Kjarni II (0-30% námsins)	0-10 ein.	0-21 ein.
- íslenska		
- stærðfræði		
- erlend tungumál		
- námsgrein að vali skóla		
Kjörsvið/valgreinar (30-80%)	10-28 ein.	21-56 ein.
I Starfsnám - starfsmiðað nám		
II Verklegt nám - handverk		
III Listgreinar		
IV Íþróttir og tómstundagreinar		
V Upplýsingatækni- og fjölmiðlageinar		
VI Frumkvöðlanám: nýsköpun/atvinnufræði		
VII Almenn bóknað - mismunandi áherslur		
Frjálst val (0-85%):	0-30 ein.	0-60 ein.

Nám í frjálssu vali má setja saman úr þáttum í kjörsviðum I-VII og öðru námi sem í boði er í viðkomandi skóla eða námskeiðum eða námsþáttum á vegum annarra aðila sem skólinn metur eða starfsþjálfun á vinnustað sem skólinn viðurkennir. Því herra sem hlutfall valfrjálsra námsþátta er á almennri námsbraut þeim mun lengra er gengið í að sérsníða námið að þörfum og áhuga einstakra nemenda og þess meiri þörf er fyrir persónulega ráðgjöf. Í aðalatriðum er hér um að ræða einstaklingsnámsskrá.

FÉLAGSFRÆÐABRAUT (FÉ)

140 ein.

Félagsfræðabraut er ætlað að veita nemendum góða og almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á samfélagsgreinar. Brautin er góður undirbúningur að ýmsu framhaldsnámi í háskóla, þó ekki í verkfræði eða raunvísindum. Meðalnámstími á félagsfræðabraut er 8 annir.

Kjarni

98 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 163 263	6 ein.
Erlend tungumál		30 ein.
Enska	ENS 103 203 303 403	
Danska ¹	DAN 103 203	
3. erl. mál	103 203 303 403	
Samfélagsgreinar		27 ein.
Félagsfræði	FÉL 103 203 303 403	
Landafræði	LAN 103	
Saga	SAG 103 203 303 403	
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Raungreinar		9 ein.
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 4	8 ein.

Kjörsvið

30 ein.

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í samfélagsgreinum í samræmi við markmið brautarinnar.

Kjörsviðsgreinar félagsfræðabrautar eru: íslenska, félagsfræði, uppeldisfræði, sálarfræði, saga, landafræði, hagfræðigreinar, fjölmiðlagreinar, stærðfræði.

Nemandi velur sér ekki færri en þrjár greinar sem kjörsviðsgreinar, annaðhvort viðbót við kjarnagreinar eða nýjar greinar.

Samanlagt nám í grein á kjörsviði og í kjarna verði að lágmarki 9 einingar.

Nemandi á félagsfræðabraut getur einnig tekið allt að 12 eininga nám á kjörsviðum annarra brauta sem hluta af sínu kjörsviði. Þó mega einingar í grein ekki vera færri en 9.

Frjálst val nemanda

12 ein.

Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla.

Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

¹ Norska eða sænska.

MÁLABRAUT (MB)

140 ein.

Málabraut er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á erlend tungumál s.s. ensku, dönsku¹ og a.m.k. tvö önnur tungumál. Brautin er góður undirbúningur að ýmsu framhaldsnámi í háskóla, einkum því sem reynir á tungumálakunnáttu. Meðalnámstími á málabraut er 8 annir.

Kjarni

98 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ 163 263	6 ein.
Erlend tungumál		48 ein.
Enska	ENS 103 203 303 403 503	
Danska ¹	DAN 103 203 303	
3. erl. mál	103 203 303 403 503	
4. erl. mál	103 203 303	
Samfélagsgreinar		9 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	
Saga	SAG 103 203	
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Raungreinar		9 ein.
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÐR 101 111 201 211 + 4	8 ein.

Kjörsvið

30 ein.

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í tungumálum í samræmi við markmið brautarinnar.

Kjörsviðsgreinar málabrautar eru: íslenska, enska, danska/norska/sænska, franska, þýska, spænska, latína, tungumál samkvæmt vali skóla og stærðfræði.

Nemandi velur sér ekki færri en þrjár greinar sem kjörsviðsgreinar, annaðhvort viðbót við kjarnagreinar eða nýjar greinar.

Samanlagt nám í grein á kjörsviði og í kjarna verði að lágmarki 9 einingar.

Nemandi á málabraut getur einnig tekið allt að 12 eininga nám á kjörsviðum annarra brauta sem hluta af sínu kjörsviði. Þó mega einingar í grein ekki vera færri en 9.

Frjálst val nemanda

12 ein.

Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla.

Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

¹ Norska eða sænska.

NÁTTÚRUFRAÐIBRAUT (NÁ)

140 ein.

Námi á náttúrufræðibraut er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á sérsvið náttúruvísinda. Brautin er góður undirbúningur fyrir háskólanám í náttúruvísindum, stærðfræði, heilbrigðisgreinum, landbúnaðarfræðum o.fl. Meðalnámstími á náttúrufræðibraut er 8 annir.

Kjarni

98 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202 212 303 403 503	15 ein.
Stærðfræði	STÆ X	15 ein.
Erlend tungumál		27 ein.
Enska	ENS 103 203 303 403	
Danska ¹	DAN 103 203	
3. erl. mál	103 203 303	
Samfélagsgreinar		9 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	
Saga	SAG 103 203	
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Náttúruvísindi		21 ein.
EEV	EEV 103	
Eðlisfræði	EÐL 203	
Efnafræði	EFN 203	
Jarðfræði	JAR 103 203	
Líffræði	LÍF 103 203	
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍPR 101 111 201 211 +4	8 ein.

Kjörsvið

30 ein.

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í náttúrufræðigreinum og stærðfræði í samræmi við markmið brautarinnar.

Kjörsviðsgreinar náttúrufræðibrautar eru:

Eðlisfræði	EÐL 303 403 503
Efnafræði	EFN 303 403 503
Jarðfræði	JAR 213 223 303
Landafræði	LAN X
Líffræði	LÍF 213 303 403
Stærðfræði	STÆ
Tölvufræði	TÖL 112 103 203 303

Nemandi velur sér ekki færri en þrjár greinar sem kjörsviðsgreinar, annaðhvort viðbót við kjarnagreinar eða nýjar greinar.

Samanlagt nám í grein á kjörsviði og í kjarna verði að lágmarki 9 einingar.

Nemandi á náttúrufræðibraut getur einnig tekið allt að 12 eininga nám á kjörsviðum annarra brauta sem hluta af sínu kjörsviði. Þó mega einingar í grein ekki vera færri en 9.

Frjálst val nemanda

12 ein.

Nemandi velur 12 einingar af námsframboði viðkomandi skóla.

Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

¹ Norska eða sænska.

LISTNÁMSBRAUT

105 ein.

Markmið náms á listnámsbraut er að leggja grunn að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi. Brautin er skilgreind sem þriggja ára námsbraut en nemendur sem þess óska geta bætt við sig einungum í bóklegum greinum og aflað sér þannig almennari réttinda til náms á háskólastigi.

Kjarni		51 ein.
Íslenska	ÍSL 103 203 303	9 ein.
Stærðfræði	STÆ 163	3 ein.
Erlend tungumál		12 ein.
Enska	ENS 103 203	
Danska ¹	DAN 103 203	
Samfélagsgreinar		6 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	
Saga	SAG 103	
Listir og menning	LIM 103 203 303	9 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Náttúrufræði	LÍF 103	3 ein.
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	ÍÞR 101 111 201 211 + 2	6 ein.

Kjörsvið 45 ein.

Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í listgreinum í samræmi við markmið brautar. Nemandi velur kjörsvið en getur einnig valið, í samráði við skóla, nám í völdum þáttum tveggja sjónlistarkjörsviða. Unnt er að velja á milli fjögurra listgreina. Kjörsviðsgreinar eru:

Dans

Danskjörsvið Sjá Aðalnámskrá Listdansskóla Íslands.

Hönnun

Almenn hönnun

Sameiginl. sjónlistum	SJÓ 103 203
Lögmál og aðferðir, fagurfræði, rýni	AHL 103 113 203 213 223 303 313 323 403 503
Félagslegt og sögulegt samhengi	AHF 103 203 303

Listiðnaðarhönnun Dæmi: Fata- og textílhönnun

Sameiginl. sjónlistum	SJÓ 103 203
Lögmál og aðferðir, fagurfræði, rýni	THL 104 204 212 222 304 316 406 414 422
Félagslegt og sögulegt samhengi	THF 102 203

Margmiðlunarkjörsvið

Sameiginl. sjónlistum	SJÓ 103 203
Lögmál og aðferðir, fagurfræði, rýni	MHL 103 203 213 304 313 323 404 412 414
Félagslegt og sögulegt samhengi	MHF 103 203 304

Myndlist

Myndlistarkjörsvið

Sameiginl. sjónlistum	SJÓ 103 203
Lögmál og aðferðir, fagurfræði, rýni	MYL 103 202 212 222 303 313 324 403 504 603
Félagslegt og sögulegt samhengi	MYF 103 203 304

Tónlist

Tónlistarkjörsvið Sjá Aðalnámskrá tónlistarskóla.

Nemendur velja sér grein en geta einnig valið, í samráði við skóla, nám í völdum þáttum tveggja greina.

Frjálst val nemanda

9 ein.

Nemandi velur 9 einingar af námsframboði viðkomandi skóla. Skóla er einnig heimilt að meta inn í frjálst val nám sem nemandi hefur tekið í öðrum skólum.

¹ Norska eða sænska.